



Nefndasvið Alþingis
bt. efnahags- og viðskiptanefndar
Reykjastræti 8
101 Reykjavík

Sent á formann og ritara efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis

Reykjavík, 20. febrúar 2026

Viðbótarumsögn Samtaka iðnaðarins vegna máls 296. um frumvarp til laga um breytingu á lögum um stuðning við nýsköpunarfyrirtæki nr. 152/2009 (framkvæmd)

Samtök iðnaðarins (hér eftir „SI“ eða „samtökin“ eftir atvikum) vilja með þessari viðbótarumsögn vísa til [umsagnar samtakanna](#) vegna máls 296. um frumvarp til laga um breytingu á lögum um stuðning við nýsköpunarfyrirtæki nr. 152/2009 (framkvæmd) sem nú er til umfjöllunar hjá nefndinni og vilja koma á framfæri viðbótarathugasemdum er lúta sérstaklega að ákvæði um aðkeypta þjónustu, sbr. ákvæði 6. gr. frumvarpsins.

Áskoranir í djúptækni

Í framkvæmd hefur skapast óvissa um flokkun kostnaðar vegna sérhæfðrar ytri vinnu í rannsóknar- og þróunarverkefnum (hér eftir „R&D“), einkum á sviði líf- og djúptækni. Í slíkum verkefnum er óhjákvæmilegt að nýta sérhæfðar rannsóknarstofur eða svokallaða CRO-aðila (e. Contract Research Organization) fyrir verkþætti á borð við:

- GLP-eiturefnaþættir: Prófanir á öryggi efna.
- GMP CMC-framleiðsla: Framleiðsla og gæðaeftirlit lyfja fyrir rannsóknir.
- Lífefnaþættir: Greining á lífsýnum (e. bioanalytical analysis).
- Klínískar rannsóknir samkvæmt GCP-reglum: Rannsóknir á mönnum.

Þótt þessi vinna fari fram utan veggja fyrirtækisins, er hún ekki „útvistun“ í hefðbundnum skilningi. Hún er hönnuð, stýrð og á ábyrgð nýsköpunarfyrirtækisins, byggir á hugverkarétti þess og er órjúfanlegur hluti af virðissköpuninni.



Athugasemdir við 80% hámarkshlutfall

Í greinargerð með frumvarpinu segir að „telja verður t.d. óeðlilegt að aðkeypt þjónusta sé hátt í 100% af heildarkostnaði verkefnis [...] enda má þá gera ráð fyrir að lítil sem engin starfsemi fari fram í fyrirtækinu“.

SI sýna þessu almenna sjónarmiði skilning, en benda á að það endurspeglar ekki eðli djúptækniverkefna. Til dæmis í lyfjaþróun gera alþjóðlegar reglugerðir oft beinlínis kröfu um að ákveðnir verkþættir séu framkvæmdir af óháðum, vottuðum þriðja aðila.

Samtökin telja því að:

- Skoða þurfi hvort 80% hámarkshlutfall sé viðeigandi í greinum þar sem notkun ytri innviða er óhjákvæmileg vegna reglugerðarkrafna.
- Við mat á styrkhæfi eigi fremur að líta til þess **hvar hugverkið verður til** og hver ber **stjórnunarlega ábyrgð** á verkefninu, fremur en að horfa eingöngu á kostnaðarhlutföll.
- Meta þurfi áhrif ákvæðisins sérstaklega á samkeppnishæfni íslenskra djúptæknifyrirtækja sem verða að sækja sérhæfða innviði erlendis.

3. Alþjóðlegar fyrirmyndir og tillaga að aðgreiningu

SI telja nauðsynlegt að í lögum eða greinargerð verði gerður skýr greinarmunur á tvennu:

1. **Sjálfstæðri útvistun:** Þar sem heill verkþáttur er falinn ytri aðila með sjálfstæðri ábyrgð.
2. **Beinum R&D-kostnaði vegna aðkeyptrar vinnu:** Þar sem ytri þjónusta er framkvæmdarhluti innan verkþáttar sem fyrirtækið leiðir sjálft, en hefur ekki eða má ekki hafa innviði til að framkvæma innanhúss.

Í evrópskum styrkjakerfum (t.d. hjá *European Innovation Council*) er gerður greinarmunur á „*subcontracting*“ (verktakagreiðslum) og „*other direct costs*“ (öðrum beinum kostnaði). Lykilviðmiðið er stjórn, ábyrgð og eignarhald á niðurstöðum, fremur en hvar vinnan er líkamlega framkvæmd. SI hvetja til þess að sambærileg nálgun verði tekin upp hér á landi til að tryggja að verðmæt nýsköpun flosni ekki upp eða flytjist úr landi vegna túlkunaróvissu.

Virðingarfyllst,
f.h. Samtaka iðnaðarins

Erla Tinna Stefánsdóttir